

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samþykkt eftirfarandi:

Deiliskipulagsbreyting – miðbærinn, Torfunefsbyggja.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. apríl 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæinn.

Breytingin felur í sér að byggjan er stækkuð, breyting er gerð á legu strandstígs meðfram Drottningarbraut og gert er ráð fyrir lóð og byggingarreit nyrst á Torfunefsbyggju fyrir smáhýsi veitna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Naustahverfi, 3. áfangi, Hagahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. maí 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hagahverfi.

Breytingin felur í sér að lóðir við Margrétarhaga 14-18 og við Nonnahaga 6-10 er breytt í raðhúsalóðir. Lóðir við Nonnahaga 1-3 verða sameinaðar í eina fjölbýlishúsalóð fyrir þjónustukjarna fyrir fatlaða og á Nonnahaga 5 verður heimilt að hafa þrjú lítil íbúðarhús. Lóðir nr. 7-21 við Nonnahaga minnka og fjölgar þar um eina einbýlishúsalóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Sjafnargata.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 12. júní 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sjafnargötu.

Breytingin felur í sér að gerð verði lóð fyrir dælustöð fráveitu við norðurhorn Sjafnargötu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag – Melgerðisás og Skarðshlíð.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 26. júní 2018 samþykkt deiliskipulag fyrir Melgerðisás.

Deiliskipulagið felur í sér að þetta byggð við Melgerðisás og Skarðshlíð þar sem nýjar lóðir og byggingarreitir eru skilgreindir ásamt umferðarsvæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Hlíðarhverfi, suðurhluti.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 26. júní 2018 samþykkt deiliskipulag fyrir Hlíðarhverfi suðurhluta.

Deiliskipulagið felur í sér að hluta vesturmarka skipulagssvæðisins er hliðrað til austurs þannig að skipulagssvæðið minnkar um 1.215 m². Einnig er lóðarmörkum Háhlíðar 14 breytt lítillega svo hægt sé að koma fyrir snúningssvæði við norðurenda Háhlíðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Dalsbraut.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 26. júní 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Dalsbraut.

Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðisins við Miðhúsabraut breytist til samræmis við breytingu á deiliskipulagi aðliggjandi svæðis.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Naustahverfi, 3. áfangi, Hagahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. júlí 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 3. áfanga, Hagahverfi - Geirþrúðarhagi 4.

Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,43 í 0,56 sem nær til lóðar Geirþrúðarhaga 4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting – Klettaborg.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 4. september 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Klettaborg.

Breytingin felur í sér að ný lóð er afmörkuð fyrir íbúðakjarna með sex íbúðum. Fyrirhugað leiksvæði er flutt norður fyrir götuna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 1. október 2018,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.